

Samráðsfundur á sunnanverðum Vestfjörðum / farsæld barna

21.nóvember 2023 kl. 14.30 FHP Patreksfirði /fundarsal.

Mættir á fundinn: Fulltrúar grunn og leikskóla : f.h. Bíldudalsskóla Lilja Rut Rúnarsdóttir skólastjóri og Signý Sverrisdóttir sérkennslustjóri. F.h. Patreksskóla, Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri og Lilja Björk Hauksdóttir deildarstjóri stoðþjónustu, f.h. leikskólans Arakletts, Bergdís Þrastardóttir leikskólastjóri, f.h. Tónlistaskóla Vesturbyggðar Kristín Mjöll Jakopsdóttir skólastjóri, f.h. Fulltrúar lögreglunnar á Vestfjörðum, Jónatan Guðbrandsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Ágúst Gunnarsson, Dóra Kristný Gunnarsdóttir á Teams, Hlynur Hafberg Snorrason yfirlögregluþjónn og Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi og tengiliður samfélagsverkefna, f.h. Heilbrigðisstofnunarinnar á Vestfjörðum/ Patreksfirði, Árný Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur, f.h. FSN Svanhvít Skjaldardóttir, f.h. fjölskyldusviðs Theodóra Jóhannsdóttir félagsráðgjafi, Hafdís Helga Bjarnadóttir tólmstundafulltrúi. Fulltrúar foreldra, frá Patreksskóla Lilja Sigurðardóttir og frá Arakletti Vala Guðmundsdóttir.

Dagskrá

1. Hlutverk okkar

a. Fulltrúi heilbrigðisþjónustunnar segir frá hlutverki tengiliðar.

- Fulltrúi heilbrigðisþjónustunnar, hjúkrunarfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur, segir frá sínu hlutverki. Honum finnst ekki vera mikil þekking á farsældarlögunum og sem gæti verið vegna þess að það séu ekki margir að nýta sér þá þjónustu.

b. Fulltrúi frá skólunum segir frá hlutverki tengiliða þar.

- Fulltrúi frá Patreksskóla segir frá sínu hlutverki. Mesta áskorunin að koma börnum að hjá sérfræðingum til greininga o.s.frv. Mesti kosturinn við samþættinguna er að losna við múra á milli kerfa, þ.e. tengiliður getur haft samband við aðra sérfræðinga og þurfa foreldrar þá ekki að gera það sjálfir.

c. Fulltrúi frá lögreglunni segir frá hlutverki tengiliða þar.

- Fulltrúi frá lögreglunni segir frá hlutverki sínu. Lögreglan er ekki tilgreind sem tengiliður samkvæmt lögum, en veitir börnum og forráðamönnum þá þjónustu sem talin er þörf á hverju sinni.

d. Hlutverk málastjóra / Theodóra félagsráðgjafi segir frá hlutverki málastjóra.

- Félagssráðgjafi segir frá hlutverki málastjóra. Fylgir eftir að stuðningsáætlun sé fylgt.

2. Líðan barna og ungmenna á okkar svæði.

Íslenska æskulýðsrannsóknin Ásdís Snót Guðmundsdóttir kynnir niðurstöðurnar fyrir Patreksskóla .

https://menntavisingastofnun.hi.is/sites/menntavisingastofnun.hi.is/files/202309/IAE23_farsaeld_birt_0.pdf

- Skólastjóri Patreksskóla kynnir niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar hjá Patreksskóla sem fór fram á síðasta skólaári þar sem niðurstöður voru bornar saman við aðra skóla á landinu.
- Nemendur í 4.-10. bekk tóku þátt í rannsókninni.

- Vakti sérstaka athygli hversu margir segjast vera þreyttir í skólanum.
- Margir upplifa mikinn hávaða í kennslustofunni.
- Margir sem upplifa höfuðverk, magaverk o.þ.h.
- 14% barna í 6., 7. og 8. sögðust hafa drukkið áfengi síðustu 30 daga.
- Skólastjóri sagðist hafa miklar áhyggjur af þessari þreytu en þar væri jafnframt tækifæri þar sem þessi þreyta er rót annarra vandamála sem birtast í niðurstöðunum, t.d. höfuðverkir, vanlíðan o.s.frv.

3. Ofbeldismenning / áhrif samfélagsmiðla/ samstarf við foreldra-alla aðila & 4. Er möguleg aukning neyslu á áfengi og ólöglegum vímuefnum hjá ungmennum (yngri en 18.ára) í okkar samfélagi ? ef svo er hvað getum við gert.

- Leikskólastjóri nefnir niðurstöður úr rannsókn um umferðaröryggi sem sýndu að börn á Arakletti komu verst út á landsvísu varðandi öryggi og búnað í umferðinni, t.d. bílbelti, hjálmar og endurskinsmerki.
- Yfirlögregluþjónn hrósar fyrir að halda þennan fund og skólastjóra fyrir að hafa kynnt niðurstöðurnar og bendir á að það þurfi hugrekki til að láta rannsaka sig.
- Leikskólastjóri ræðir um áhrif skjánotkunar á málþroska barna, en hann talar út frá leikskólabörnum.
- Fulltrúi framhaldsdeildar segir að við þurfum að reyna að finna hvernig við getum náð til foreldra, en þeir eru allir að glíma við sömu áskoranir.
- Yfirlögregluþjónn segir frá atviki á Akranesi og telur að við ættum að senda niðurstöður kannanna á foreldra til að vekja þá til umhugsunar um stöðuna.
- Leikskólastjóri nefnir að kannski væri best að halda fund með öllum til að sýna foreldum alvarleika málsins.

5. Barnaverndarþjónusta á Vestfjörðum

a. Samstarf við önnur kerfi

b. Tilkynningar - hvert fara þær

c. Einn neyðarsími.

- Sviðstjóri Fjölskyldusviðs kynnti stuttlega samstarf um barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum.
- Barnaverndartilkynningar á alltaf að tilkynna í 112 eða til Fjölskyldusviðsins.

6. Fjölmeningarsamfélag.

a. Hvernig fáum við alla með / í íþróttir/ félagstarf/ í samráð .

- Þurfum að fara með þetta heim og hugsa hvernig við getum komið betur til móts við þennan hóp.
- Væri mjög gott að fá fulltrúa frá þessum hópi til að vera með á þessum fundum í framtíðinni.

Hvað ætlum við að gera næst?

- Taka foreldrafundi, þ.e. foreldrafélög í samstarfi við skólana og fá aðra tengiliði með.
- Halda fund á hverjum stað fyrir sig og jafnvel skipt eftir stigum.
- Hefur verið rætt um að gera foreldrasáttmála og spurning hvort hægt væri að gera slíkt í framhaldi af foreldrafundum.

